

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 210/2000

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar verslunar (A).

Líkamsmeiðsl 30.12. 1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 03.08. 2000.
2. Skýrslur lögreglu.
3. Tjónstilkynning dags. 10.01. 2000.
4. Afrit ávísunar vegna greiðslu sjúkrakostnaðar.
5. Frásögn tjónþola dags. 14.02. 2000.
6. Bréf vátryggingafélagsins dags. 03.02. 2000.
7. Bréf lögmanns tjónþola dags. 15.02. 2000 og 19.05. 2000.
8. Símbref vátryggingafélagsins til lögmanns tjónþola dags. 15.06. 2000.
9. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 16.08. 2000, hjálagt fylgdi afrit bréfs þess dags. 15.06. 2000 og bréfs til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna dags. 05.06. 2000, afrit ljósmynda og bréf lögmanns tjónþola til félagsins dags. 31.01. 2000.
10. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 690/2000.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Tjónþoli slasaðist er hann kom inn í húsnæði vátryggingataka. Þar eru hringdyr og féll hann um enda tepparennings, sem lá frá dyrunum til að varna hálfu á flísalögðu gólfinu. Við fallið axlarbrotnaði hann.

Tjónþoli telur að vátryggingatakinn (A) sé skaðabótaskyldur vegna þeirra aðstæðna sem fyrir hendi voru. Hann vísar m.a. til frásagnar starfsmanna A, um að tepparennurinn hafi verið alveg upp við hurðina þegar slysið átti sér stað og að teppið vildi verpast eða endar þess rúllast upp.

Vátryggingafélagið hefur, með vísan til niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, fallist á bótaskyldu að hálfu vátryggingataka en að slysið verði að hluta rakið til gáleysis tjónþola sjálfs.

Álit.

Nefndin telur að A beri ábyrgð á umræddu slysi. Fyrirliggjandi frásögn starfsmanns A styður sjónarmið tjónþolans. Fram kemur efnislega að dregillinn hafi í upphafi náð fram að hurðinni en þar sem hann vildi verpast eða endar hans vildu rúllast upp, hafi hann verið stytur, en það hafi verið “eftir óhappið, sama dag eða daginn eftir.” Einnig hafi mottu verið komið fyrir eftir óhappið til að koma í veg fyrir fleiri slík óhöpp. Það var óvarlegt af vátryggingataka að gæta þess ekki að umræddur tepparennur myndi ekki valda hættu fyrir þá viðskiptavini sem leið áttu um húsnæðið. Ráðstafanir voru gerðar í kjölfar slyssins til þess að fyrirbyggja að tjón yrði með þessum hætti aftur. Fyrirliggjandi gögn gefa ekki tilefni til að skerða réttarstöðu tjónþola vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu.

Reykjavík 29. ágúst 2000

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.